

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 621/2010.

1. gr.

7. mgr. 54. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Þegar bæjarstjórn neytir heimildar skv. 1. eða 2. mgr. skal jafnframt kveðið á um það hvernig fara skuli með endurupptöku erinda sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessum ákvæðum sbr. viðauka I, Embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa, sem birtur er með samþykkt þessari.

2. gr.

5. töluliður 2. mgr. 57. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Skipulagsnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann nefndarinnar. Nefndin fer með skipulagsmál samkvæmt ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010 og önnur verkefni eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt bæjarstjórnar um nefndina. Nefndin fer með verkefni umferðarnefndar samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987.

3. gr.

70. gr. samþykktarinnar fellur niður.

4. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur sett skv. 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 31. maí 2011.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.

VIÐAUKI I

Embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa.

1. gr.

Skipulagsfulltrúinn í Mosfellsbæ afgreiðir án staðfestingar skipulagsnefndar og bæjarstjórnar mál, sem talin eru upp í 2. gr. þessa viðauka og falla undir skipulagslög nr. 123/2010 og skilgreind eru sem verkefni skipulagsnefndar, sbr. heimild í 54. gr. samþykktar þessarar og 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 með síðari breytingum.

2. gr.

Skipulagsfulltrúa er heimilt, sbr. 1. gr.:

- a. að ákveða að grenndarkynna tillögur að óverulegum breytingum á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga,
- b. að fullnaðarafgreiða auglýstar eða grenndarkynntar tillögur að breytingum á deiliskipulagi, sem engar athugasemdir hafa borist við, til Skipulagsstofnunar og auglýsa gildistöku þeirra í Stjórnartíðindum, sbr. 1. mgr. 42. gr. og 4. mgr. 44. gr. skipulagslaga, nema skipulagsnefnd hafi ákveðið annað þegar tillaga var samþykkt til auglýsingar eða grenndarkynningar.

Afgreiðslur skipulagsfulltrúa skv. staflíðum a. og b. skulu fara fram á formlegum afgreiðslufundum skipulags- og byggingarfulltrúa og skulu haldnar fundargerðir yfir afgreiðslur hans með sama hætti og gildir um fastanefndir Mosfellsbæjar.

3. gr.

Framangreindar afgreiðslur skipulagsfulltrúa skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi skipulagsnefndar.

4. gr.

Skipulagsfulltrúi getur ávallt vísað máli skv. 2. gr. til afgreiðslu skipulagsnefndar. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu skipulagsfulltrúa skal hann vísa málinu til afgreiðslu nefndarinnar.

5. gr.

Um afgreiðslur skipulagsfulltrúa gilda eftir því sem við á ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna.

6. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu skipulagsfulltrúa skv. 2. gr. eða komi hann á framfæri kvörtun, skal honum leiðbeint um heimild til að óska endurupptöku erindis í bæjarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnslulaga. Telji bæjarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal skipulagsnefnd taka erindið upp að nýju.

Aðila máls skal leiðbeint um rétt hans til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, og um kærufrest þegar um er að ræða kæranlega ákvörðun, sbr. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.